

Ályktun vegna frumvarps til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (vefverslun með áfengi)

Flutt af stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins haldinn 23. mars 2026, hvetur Viðreisn til að falla frá tillögum sínum um breytingu á áfengislögum nr. 75/1998 sem heimilar vefverslun með áfengi.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur í áratugi unnið að forvarnarmálum og leggur ríka áherslu á lýðheilsumál.

Áfengi er ekki venjuleg neysluvara heldur efni sem veldur margvíslegu heilsutjóni og skaða hjá einstaklingum, fjölskyldum og samfélaginu öllu. Fjöldi rannsókna hefur sýnt fram á skýr tengsl milli áfengisneyslu og ýmissa tegunda krabbameina. Því hefur áfengisneysla verið flokkuð sem þekktur krabbameinsvaldur hjá Alþjóðakrabbameinsrannsóknarstofnuninni (IARC).

Áfengisdrykkja getur valdið að minnsta kosti sjö mismunandi krabbameinum: í munni, vélinda, koki, barka, lifur, ristli, endaparmi og brjóstum. Vísbendingar eru einnig um að áfengi auki líkur á fleiri tegundum krabbameina.

Frumvarpið gengur gegn stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) sem hefur um áratugaskeið hvatt aðildarþjóðir sínar til að draga úr heildarneyslu áfengis, m.a. með því að takmarka aðgengi að áfengi, verðlagsstýringu og banna áfengisauglýsingar.

Aðalfundurinn hvetur því Viðreisn til að falla frá frumvarpinu, þar sem það myndi auka aðgengi að áfengi, stuðla að meiri neyslu og leiða til þyngrri sjúkdómsbyrði með áhrifum á allt samfélagið.